

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/712
komudagur 6.12.2010



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu (pskj. 207 - 190. mál.)

Fyrir Alþingi liggur nú ofangreint frumvarp um sameiningu Landlæknisembættisins (LL) og Lýðheilsustöðvar (LHS) í nýja stofnun undir heitinu embætti landlæknis og lýðheilsu, sem ætlað er að vinna að eflingu lýðheilsu og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Meginmarkmið stjórnvalda með sameiningu þessara tveggja stofnana er að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði lýðheilsu og heilbrigðismála og talið er að með sameiningunni megi ná fram margvíslegum samlegðaráhrifum. Tekið er undir að ákveðin verkefni Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættis skarast og með sameiningu megi ná fram samlegðaráhrifum. Með sameiningu krafta, mannaúts og þekkingar starfsmanna Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættisins skapast jafnframt frekari sóknarfæri til að gera enn betur á sviði lýðheilsustarfs og heilbrigðisþjónustu. Loks má gera ráð fyrir að stærri stofnanir verði betur í stakk búnar, heldur en minni stofnanir, til að taka þeirra ágjöf sem efnahagur þjóðarinnar hefur orðið fyrir á sl. árum.

Lýðheilsustöð var stofnuð með lögum árið 2003 en tilgangur með stofnuninni var m.a. að samræma og efla forvarnarstarf sem áður var í ýmsum ráðum og nefndum. Starfsemi Lýðheilsustöðvar hefur eflst á þessum tíma og nú starfa þar 24 einstaklingar. Menntunarstig er hátt og má fullyrða að afköst og árangur hafi aukist með hverju árinu. Það er því öflug stofnun með hæft og vel menntað starfsfólk sem kemur til starfa í hinni nýju stofnun ef sameining verður 1. janúar n.k.

Aðdragandinn að því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi var nokkur, en þann 26. ágúst 2009 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson nefnd undir forystu Stefáns Óafssonar, sem ætlað var leggja fram tillögur um breytta skipan stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins. Nefndin skilaði áfangaskýrslu/umræðutillögum í nóvember 2009. Lokaskýrslu var síðan skilað til þáverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiðar Ingadóttur, í janúar 2010.

Í mars sl. skipaði sami ráðherra undirbúningshóp á vegum ráðuneytisins til að hrinda í framkvæmd hluta af tillögum skýrslunnar, þ.e. þeim sem sneru að sameiningu LL og LHS og var verkstjórn falin forstjóra Lýðheilsustöðvar, Margréti Björnsdóttur, og landlækni, Geir Gunnlaugssyni. Jafnframt lagði ráðherra fram minnisblað um málið í ríkistjórn. Hin nýja stofnun skyldi taka til starfa þann 1. janúar 2011. Markviss undirbúningur að sameiningu LL og LHS hefur því átt sér stað síðan í mars og hafa stjórnendur LL og LHS unnið að sameiningarverkefnum á ýmsum sviðum í samræmi við samrunaáætlun sem sett var fram í maí sl. og í ýmsu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið. Sá undirbúningur hefur hefur m.a. falið í sér eftirfarandi þætti:

Kynningu og fræðslu fyrir starfsfólk LL og LHS og þátttaka þeirra í smærri og stærri verkefnum vegna fyrirhugaðrar sameiningar, s.s. sameiginlegir starfsdagur í júní og aftur í september, sviðsmyndavinna með aðkomu ráðgjafafyrirtækis, hópastarf og tillögugerð hvað



LÝÐHEILSUSTÖÐ

varðar innviði og stofnanabrag nýrrar stofnunar, o.s.frv. Mikil áhersla hefur verið lögð á gott upplýsingaflæði til starfsfólks sem hefur lagt fram mikilvægt starf í sameingarferlinu til að stuðla að því að hin nýja stofnun verði sem öflugust.

Vinnu við gerð frumvarps sem hófst í mars sl. Að þessari vinnu hafa, auk heilbrigðisráðuneytisins, komið forstjóri LHS og landlæknir en einnig fengu starfsmenn beggja stofnananna tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir.

Gerð þarfagreiningar fyrir húsnæði nýrrar stofnunar í samstarfi við Framkvæmdasýslu riskisins (Fsr) og í framhaldi af því húslýsingu og loks auglýsingu í maí s.l. Í allt bárust 11 tilboð og eftir mat og skoðun á þeim, í samstarfi við Fsr, voru sex tilboð valin til frekari skoðunar. Niðurstaðan úr því ferli varð sú að heilbrigðisráðherra óskaði eftir því að gengið yrði til samninga við eigendur að Barónsstíg 47 (áður Heilsuverndarstöð Reykjavíkur) og féllst fjármálaráðuneytið á það. Nú stendur það samningaferli yfir undir stjórn Fsr, með aðkomu LL og LHS.

Í maí sl. gerðu LL og LHS samning við ráðgjafafyrirtæki sem fól m.a. í sér umsjón með stefnumótunarvinnu og aðkomu að innleiðingu samrunans. Að þessari vinnu hafa komið starfsmenn LL og LHS auk þess sem helstu hagsmunaaðilum hefur verið boðið til undirbúningsvinnu við sviðsmyndavinnu og stefnumótun. Jafnframt voru gerðar kannanir meðal starfsfólks LL og LHS auk hagsmunaaðila utan stofnananna. Efni og niðurstöður úr þessu ferli eru nýttar við mótun á stefnu og sýn nýrrar stofnunar, auk helstu markmiða. Jafnframt hafa drög að skipuriti nýrrar stofnunar verið kynnt fyrir starfsfólki LHS og LL og starfsfólki í heilbrigðisráðuneytinu, auk þess sem drög að starfslýsingum stjórnenda liggja fyrir.

Af ofangreindu má sjá að áhersla hefur verið lögð á að vanda allan undirbúning með það í huga að starfsemi nýrrar stofnunar verði sem öflugust og starfsfólk komi vel undirbúið að nýrri stofnun. Á þessum undirbúningstíma hafa á stundum verið blendnar tilfinningar meðal starfsfólks LHS en í heild stendur hugur starfsfólks til þess að stuðla að sterkri stofnun með það að markmiði að efla og bæta heilbrigði íslensku þjóðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Varðandi 2. gr. frumvarpsins hefur starfsfólk LHS bent á að fleiri heilbrigðisstéttir en læknar gætu verið í forystu slíkrar stofnunar. Hvað viðvíkur lýðheilsustarfi er bent á að ýmsar fleiri stéttir hafa aflað sér menntunar og reynslu til að stýra slíku starfi. Því væri ekki rétt að binda stöðu forstöðumanns til framtíðar við lækni. Þessi athugasemd felur þó á engan hátt í sér gagnrýni á þá ráðstöfun að núverandi landlæknir verði fluttur í embætti landlæknis og lýðheilsu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um lýðheilsusjóð. Mikilvægt er að sú grein verði óbreytt þannig að það fé sem rennur til forvarna með sérmerktum tekjustofnum nýtist áfram til forvarna og annarra starfa á vettvangi lýðheilsu.



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Með stofnun lýðheilsusjóðs er hlutverk núverandi forvarnarsjóðs breikkað frá því sem áður var, í samræmi við þær faglegu áherslur að heildræn nálgun í forvarnarstarfi skili mestum árangri og einnig í samræmi við þróun fjárveitinga sl. 2 ár með sérstöku framlagi úr ríkissjóði til heilsueflingar og lýðheilsustarfs. Hlutverk sjóðsins verður að styrkja lýðheilsustarf bæði innan og utan stofnunarinnar. Mikilvægt er að sá hluti af áfengisgjaldi, eða 1%, sem áður rann til forvarnarsjóðs renni til lýðheilsusjóðs og einnig það hlutfall af brúttósölu tóbaks, eða 0,9 %, sem fram til þessa hefur verið ráðstafað af Lýðheilsustöð, auk fyrrgreinds framlags ríkissins til heilsueflingar og lýðheilsustarfs. Um leið er mikilvægt að sett verði ákveðin viðmið vegna starfseminnar og úthlutunar stykja, annars vegar til mismunandi málaflokka, s.s. tóbaksvarna og áfengis- og vímuvarna þannig að tryggt verði áframhaldiandi öflugt starf á þessum sviðum, og hins vegar til annars lýðheilsustarfs á vegum stofnunarinnar. Slíkt yrði gert með reglugerð ráðherra.

Reykjavík 6. des. 2010

Margrét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar